

Byggingarlýsing:

Hafnargata 1, Hafnarfirði
Mhl. 01

Fyrirhugað er að byggja nýtt iðnaðarhús á lóðinni. Húsið verður 952,9m² að grunnfleti.

Húsinu verður skipt í tvo hluta. Í suðurhlutanum mun verða fiskmarkaður þar sem gert er ráð fyrir að hámarki 3-4 starfsmönnum. Vinnusvæði verður á neðri hæð ásamt, kæli, geymslurými, afgreiðslu, búningaöstöðu og snyrtingu. Geymsluloft verður yfir hluta. Norður hluti hússins skiptist í tvö vinnusvæði þar sem gert er ráð fyrir u.þ.b. 3 starfsmönnum í hvorum hluta. Nyrst í húsinu verða aðstöðurými. Búningaöstaða, snyrtingar og kaffistofa á neðri hæð og geymslurými á milli lofti. Gert er ráð fyrir að hluti starfsmanna af hafnarsvæði muni nýta aðstöðuna. Öll starfsemi í húsinu tengist.

Undirstöður, plata og grundun:
Undirstöður og gólfplata verða úr jánbentri steinsteypu grundað á burðarhæfu efni. Einangrað verður með 50mm einangrun undir plötu og niður með sökkulum. Sökkular ná 20cm upp fyrir plötu.

Útveggir og þak:
Húsið verður stálgrindarhús klætt með stálklæddum samlokueiningum (pir), bæði á þaki og veggjum. Standandi 60mm þykkar í útveggjum og 80/112mm þykkar á þaki. Brunahólfandi veggir og uppbyggður úr steinullarsamlokueiningum. Í hluta hússins verða útveggir og loft klædd að innan með gífsi. Útveggir og þak verða í steingráum lit.

Milliloft og stigar:
Milligólf verður úr stálbitum og tímri, einangrað með steinull. Stigar og handrið og útisvalir verða úr stáli. Handrið 1,1m hátt.

Gólf:
Gólf í vinnusölum verða vélsliðuð og lögð hersluefni en flísar og/eða dúkar verða á gólfum í aðstöðurýmum.

Innveggir:
Innveggir verða úr blikkstoðum, einangraðir, klæddir með tvöföldu gífsi eða annari innveggjaklæðningu og málaðir.

Gluggar og hurðir:
Gluggar og gönguhurðir verða úr plastprófilum. Í gluggum á veggjum er tvöfalt K-gler. Ljósplötur verða í þaki. Hurðir og gluggaprófillar verða í gráum eða hvítum lit. Iðnaðarhurðir verða rafdrifnar.

Leiðnitap:
Kólnunartölur í skrifstofurýmum skulu vera skv. leyfilegu hámarki byggingarreglugerðar, gr. 13.3.2. m.v. hitastig >18°C, aðrir byggingarhlutar skulu uppfylla ákvæði m.v. hitasti 10-18°C.

Reiknað U-gildi:
Botnplata 0,30W/m²K
Útveggir (samlokueiningar) 0,37W/m²K
Þak (samlokueiningar) 0,25W/m²K
Gler og karmar 1,20W/m²K
Iðnaðarhurðir 0,55W/m²K

Skrifstofuhluta skal einangra umfram einangrun útveggja- og þakeininga.

Loftræsting:
Loftræsting verður um opnanlega fög í gluggum ásamt vélrænni loftræstingu.

Lagnir:
Vatnslagnir verða lagðar í steypu í gólf, í veggjum og utanáliggjandi. Húsið verður hitað með ofnakerfi og blásurum í solum. Frárennsli verður tengt frárennslikerfi bæjarins. Raflagnir verða ýmist utanáliggjandi eða lagðar í veggjum og í loftum.

Niðurföll verða skv. teikningu og skal vera vatnshalli að þeim. Fitu-, olíu- og sandgildrur skulu vera samkvæmt kröfum heilbrigðiseftirlits og frágangur skamkvæmt gildandi lögum og reglugerðum um fráveitu. Nánari upplýsingar um frárennsli og því sem viðkemur því mun koma fram á lagnateikningum.

Hljóðvist:
Byggingin uppfyllir kröfur til hljóðvistarflokks C samkvæmt staðlinum ÍST 45. Engin lámarks hljóðeinangrunargildi eru á milli herbergja í þessum flokki.

Umhverfi og plan:
Nákvæm hæðar- og/eða staðsetning hússins skal vera samkvæmt samþykktum lóða- og hæðarblöðum og/eða í samráði við byggingarfulltrúa. Plan umhverfis húsið verður malbikað og lagt með vatnshalla frá húsinu. Utan við iðnaðarhurðir skal setja upp ákeysluvarnir. Aðeins er gert ráð fyrir órfáum bílastæðum á lóð en starfsemi hússins hefur aðgang að bílastæðasvæði á lóðinni Óseyrarbraut 12 sem er í um 180m fjarlægð til suðurs. Gera skal ráð fyrir losun sorps í þar til gerða gáma á lóðinni.

Möguleiki verður á að setja upp tengibúnað fyrir rafbila við bygginguna.

Snjógildrur skal setja upp á þaki ofan við innganga.

Almennt:
Allur frágangur, efni og smíði hússins skal vera samkvæmt byggingarreglugerð. Fylgja skal öllum viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

Skýringar á táknum:

Noteininganúmer 0101

Hæðakótar 0,00 0,0

lr Loftræsting

gn Gólfniðurfall

nf Niðurfall

kr Spúlkrani

T Rafmagnstafla

Slökkvitæki

R Reykskynjari

UT Útjós

FS Fellistigi

© Bsl.30m Brunaslanga □ 25mm, L=20m

Reyklosun (54m²)

Helstu stærðir (sjá skráningartöflu)

Brúttóflatarmál 943,6m²
þar af millipallar 159,0m²
Brúttórúmmál 5364,8m³

Helstu mál:
Útmál húss 44,12m x 18,00m
Útmál stálgrindar (Steel) 44,00m x 17,88m
Sökkulmál (Concrete) 44,00m x 17,88m

Stærð lóðar 1459,1m²
Nýtingarhlutfall N=0,65

Brunavarnalýsing:

Brunavarnir
Hönnun brunavarna Brunavarnir eru samkvæmt greinargerð EFLU dags. 12. janúar 2023.

Notkunarflokkar
Byggingin er iðnaðarhús í notkunarflokki 1.

Notkunarskilmálar
Brunaálag skal vera undir 800 MJ/m². Hámarksfjöldi í húsinu er 30 manns. Gert er ráð fyrir að hámarki 10-12 starfsmönnum í húsinu.

Brunaviðvörðun
Stakir reykskynjarar í helstu rýmum.

Handslökkvibúnaður
Slöngukefili skv. ÍST EN 671 verða staðsett í stærri rýmum á jarðhæð þannig að þær nái út í öll horn. Handslökkvitæki skv. ÍST EN 3 staðsett skv. teikningum og brunahönnun.

Reyklosun
Reyklosun með auðbrennannlegu plasti í þaki, samtals 54m² eða > 5% gólfplatar.

Neyðarlýsing og leiðarmerkingar
Neyðarlýsing skv. ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og leiðbeiningu HMS nr. 9.4.12. Krafa um flóttaleiðalýsingu er 1 lúx í gönguleiðum flóttaleiða, anddyrum og göngum. Svæðislýsing a.m.k. 0,5 lúx á opnum svæðum yfir 60m². Neyðarlýsing 5 lúx í stiga, við öryggisbúnað, handslökkvibúnað og handboða.

Flóttaleiðir
Flóttaleiðir skv. teikningu. Mesta reiknuð lengd flóttaleiðar að útidyrum eða inn í annað brunahólf er innan við 45 metrar. Allar hurðir í flóttaleið skal vera hægt að opna innan frá án lykils eða verkfæra. Hurð frá kæli skal útbúa með neyðarspotta og handfangi þannig að hægt sé að opna handvirkir í neyð, óháð rafmagni.

Klæðningar og gólf
Innra yfirborð útveggja og þaks er PIR samlokueiningar í flokki B-s2,d0 skv. ÍST EN 13501-1. Að öðru leiti verða loft-veggklæðningar í flokki 1 (K₁₀B-s1,d0 skv. ÍST EN 13501-1). Svalir verða klæddar með Viroc plötum að neðan.

Útveggir og þök
Útveggir og þök eru úr PIR einingum sem uppfylla B-s2, d0 skv. ÍST EN 13501 -1.

Brunahólfun
Brunahólfun skv. teikningum, almennt með EI60 veggjum og EI₂30-CS_m hurðum. Brunahólfandi milliveggir verða úr steinullarsamlokueiningum. Þar sem brunahólfandi veggur mætir þaki/útvegg verða PIR einingar klæddar með tvöföldu lagi af gífsi, a.m.k. 60cm hvoru megin við brunahólfandi vegg.

Burðarvirki
Stálvirki í þaki er almennt óvarið. Burðarvirki milligólfs er R60. Þakvirki innan milligólfs er varið R60. Súlur í útveggjum eru eldvarðar upp í a.m.k. 3m hæð.

Aðkoma slökkviliðs
Afkært verður að byggingunni frá Hafnargötu. Reiknað er með björgunarsvæði körfubíls á bílastæði framan við bygginguna. Gert er ráð fyrir að slökkviliðið reyklosi einstök rými um glugga og dyr.

Viðhald brunavarna
Gerðir verða þjónustusamningar um eftirlit og viðhald á neyðarlýsingu og handslökkvibúnaði. Tilhögun eldvarnaeftirlits skal vera skv. reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit nr. 723/2017. Breytingar á brunavörnum skulu hljóta samþykkis viðeigandi yfirvalda og unnar í samvinnu við brunahönnuð.

Samþykkt þann
15. FEB. 2023

Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
Sveinbjörg Sara

Vistað 12.1.2023 13:48:14 Útprentun 08:50:23

ÚTG. DAGS. ÚTGÁFUFRILL HANNAD TEIKN. YFIRF.

B 17.09.'21 Innra skipulag, brunamál, bílastæði ofl. SSt GH
C 12.01.'23 Hleðslurými tekið út SSt GH

SHS

14. feb. 2023

Sveinbjörg Sara
Baldursdóttir
Rafraen
undirritun
13.01.23

EFLA

Hafnargata 1
220 Hafnarfirði
Iðnaðarhús

Aðaluppdráttur
Byggingarlýsing og skýringar

TEIKNUNUMER BLADSTÆRD HANNAD Landst./SSt
2345-085 A2 TEIKNAD: SSt
01_0_01-02 YFIRFARID: GH

DAGS. MÆLIKVARDI ÚTGÁFA

Júní 2021

C

Hönnuður: Guðmundur Hjaltason kt.070966 5579

Hönnunarskjóli: